

Mánudaginn 10. Ágúst 2015 kl 21:00 kom fjallskilastjórn Miðfirðinga saman til fundar að Staðarbakka. Varamaður kallaður til. Mættir: Rafn Benediktsson, Böðvar Sigvaldi Böðvarsson og Valgerður Kristjánsdóttir.

Fyrir var tekið: Niðurjöfnun fjallskila og mat á þeim. Ákveðið að fara í göngur fimmtudaginn 3. september og réttað verði laugardaginn 5. september. Stóðrétt hefst kl 9:00 og sauðfjarrétt strax og söfn komi til réttar.

Heimalandssmölun skuli fara fram 26. september og skilarétt þann 27. Kl 14:00. Rætt um mat á fjallskilasskyldri vinnu og ákveðið að hækka hana um 5%. Verð á klst. Í eftirleitum ákveðið kr. 2.130,-

Rætt um viðhald á rétt, styrkur kom frá sveitarfélaginu kr. 300.000,- Rífa þarf safngirðingu á Húki og girða nýja, framlag frá sveitarfélagi kr. 500.000,-

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 23:30. Fundargerð lesin upp og samþykkt.